

Úthlutunarreglur styrkja vegna aksturs barna í Húnaþingi vestra

1. gr. *Gildissvið*

Úthlutunarreglur þessar gilda um styrki vegna barna og unglinga, sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra, fram að lokum grunnskólaaldurs.

Styrkirnir eru tveir og ná til:

- a. aksturs á skipulagðar íþróttæfingar sem stundaðar eru innan sveitarfélagsins og falla undir starfsemi USVH og aðildarfélaga þess, Umf. Hörpu og/eða aksturs vegna tónlistarnáms í Tónlistarskóla Húnaþings vestra utan daglegs starfstíma Grunnskóla Húnaþings vestra
- b. aksturs með börn til vistunar í leikskóla Húnaþings vestra.

2. gr. *Markmið*

Markmið með þessum reglum er að stuðla að jöfnun aðstöðumunar barna og unglinga sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra og þurfa um lengri veg að fara til íþróttaiðkana, tónlistarnáms og vistunar í leikskóla.

3. gr. *Akstursvegalengd*

Ekki eru greiddir styrkir vegna barna og unglinga sem búa innan við 12 km fjarlægð (önnur leið) frá æfingastað, tónlistarskóla eða leikskóla.

4. gr. *Styrkur vegna aksturs barna og unglinga á íþróttæfingar og í tónlistarskóla*

Til að eiga rétt á styrknum þarf að framvísa á skrifstofu Húnaþings vestra:

- a. staðfestingu frá íþróttafélagi og/eða deild þar sem fram kemur hversu margar æfingar barn/börn frá viðkomandi heimili hafa stundað.
- b. og/eða staðfestingu frá Tónlistarskóla Húnaþings vestra um ástundun barns utan daglegs starfstíma Grunnskóla Húnaþings vestra.

Styrkurinn er ekki greiddur nema ástundun nái a.m.k. 12 skiptum á önn. Aðeins er greiddur einn styrkur á heimili á ári vegna íþróttaiðkana og tónlistarnáms óháð fjölda barna og skal upphæð styrks vera 48 kr. á hvern ekinn km. í 12 skipti á hvorri önn. Skal þá miða við eftirfarandi reglu: (Vegalengd þ.e. frá heimili að æfingastað/tónlistarskóla – 12 kílómetrar) x 2 x 48 kr. x 12 skipti á önn. Dæmi: (35 km – 12 km) x 2 x 48 kr. x 12 skipti á önn = 26.496 kr. á önn eða 52.992 kr. á ári.

Sækja skal um á þar til gerðu eyðublaði sem fæst á skrifstofu Húnaþings vestra og á heimasíðu sveitarfélagsins.

5. gr. *Styrkur vegna akstur barna til vistunar í leikskóla*

Til að eiga rétt á styrknum þarf að framvísa á skrifstofu Húnaþings vestra:

- a. staðfestingu leikskólastjóra á akstri.

Aðeins skal greiða sem nemur einni ferð á dag óháð fjölda barna 48 kr. fyrir hvern ekinn kílómetra. Skal þá miða við eftirfarandi reglu: (Vegalengd þ.e. frá heimili að leikskóla – 12 kílómetrar) x 48 kr. Dæmi: (35 km – 12 km) x 48 kr. = 1.104 kr. á dag.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal hámarksupphæð vegna aksturs barna til vistunar í leikskóla ekki fara yfir 150.000 kr. á ári eða 13.636 kr. á mánuði.

Sækja skal um á þar til gerðu eyðublaði sem fæst á skrifstofu Húnaþings vestra og á heimasíðu sveitarfélagsins.

7. gr.

Tilhögun greiðslna

Árið skiptist í tvær annir, þ.e. janúar – júní og júlí – desember.

Styrkur samkvæmt 4. gr. er greiddur út einu sinni á ári í lok desember að undangenginni auglýsingu frá Húnaþingi vestra.

Styrkur samkvæmt 5. gr. er greiddur út tvisvar sinnum á ári. Annars vegar í júlí vegna tímabilsins janúar – júní og hins vegar í desember vegna tímabilsins júlí – desember að undangenginni auglýsingu frá Húnaþingi vestra.

Sækja þarf um styrkina innan tveggja mánaða frá birtingu auglýsingar annars falla þeir niður.

7. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi úthlutunarreglur styrkja vegna aksturs barna í Húnaþingi vestra sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 2. desember 2010.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnaþing vestra þann 14. júní 2012